



Samtök
um söguferðapjónustu
Ársreikningur 2016

Samtök um söguferðapjónustu
660606-2460
Erluhrauni 4
220 Hafnarfirði

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar	2	Efnahagsreikningur	5
Áritun höfundar	3	Yfirlit um sjóðstreymi	6
Rekstrarreikningur	4	Skýringar	7

Skýrsla og áritun stjórnar

Skýrsla stjórnar

Samtök um söguferðaþjónustu (SSF) eru samtök félaga, stofnana, opinberra aðila, fyrirtækja og einstaklinga, sem koma að söguferðaþjónustu á Íslandi og er markmið þeirra að efla slíka ferðaþjónustu og að vera samráðsveitvangur þeirra sem starfa í henni samkvæmt 2. gr. samþykktu.

Starfsemi samtakanna gekk eftir áætlun árið 2016 þó að reksturinn hafi ekki alveg orðið í samræmi við samþykktu rekstraráætlun. Segja má að árið 2016 hafi verið seinna árið í endurskipulagningu samtakanna sem urðu 10 ára þann 18. maí. Ráðinn var starfsmaður í 50% starf frá apríl til október og fékk hann aðstöðu hjá Íslandsstofu. Hluti af kostnaði við starfsmann fékkst greiddur með styrk frá Vinnumálastofnun. Félagaskrá var endurskoðuð og öllum sem vildu eiga aðild að samtökunum gert að skila skriflegu eyðublaði um aðild og þátttöku í kynningarefni. Árgjald var hækkað og bundið við veltu en kynningargjald lækkað á móti. Eins og gert var ráð fyrir fækkaði aðilum að samtökunum við þessa aðgerð og sér þess stað í ársreikningi auk þess sem gamlar kröfur á fyrrum félaga hafa verið felldar niður.

EKKI var prentaður nýr bæklingur enda góður lager til af þeim sem prentaður var 2015 og var honum dreift áfram um allt land. Ekkert nýtt prentað efni kom frá SSF á árinu og kann það að vera skýringin á því að færri greiddu kynningargjald en áður. Urðu tekjur því lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Á hinn bóginn var unnið af krafti í netmarkaðssetningu. Haldið var áfram að bæta nýja heimasíðu sem opnuð var síðla árs 2015 og hafin öflug kynning gegnum Instagram og Facebook. Var þetta í samræmi við þá markaðs- og kynningaráætlun sem samþykkt var 2015. Þá aðstoðaði starfsmaður samtakanna einnig félagsmenn við að efla sinn sýnileika á netinu. Auk heldur vann starfsmaðurinn með Íslandsstofu að markaðsmálum eins og *Icelandic Academy*.

Afmælismálþing Samtaka um söguferðaþjónustu var haldið í Norræna húsinu 29. apríl með góðri þátttöku, jafnt félaga sem utanaðkomandi, og aðalfundur samhliða því. Til stóð að halda fræðsluferð og félagsfund á Austurlandi að hausti en frestaðist það til næsta vors. Stjórn SSF fundaði reglulega og hélt alls 8 fundi, þar af var einn opin.

Samstarfssamningur við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti var undirritaður 24. febrúar. Gilti hann fyrir árið 2016 og hljóðaði upp á 3 m.kr. framlag frá ríkinu gegn jafnhárru upphæð frá aðilum að samtökunum. Jafnframt var framhaldið samstarfi við Íslandsstofu um ýmis kynningarmál og aðstöðu fyrir starfsmann.

Samtökin voru áfram í alþjóðlegu samstarfi um söguslóðir víkinga (*Destination Viking Association*). Evrópuverkefnið *Follow the Vikings* hélt áfram og tóku félagar frá SSF þátt í ráðstefnum á Spáni og í Danmörku og voru með erindi. Formaður samtakanna situr í verkefnisstjórn og sótti fundi vegna þess. Verkefnið stendur fram til 2019 og gegnir SSF mikilvægu hlutverki sem umsjónaraðili með einum verkhluta. Öll fjárumsýsla og móttframlög SSF vegna Evrópuverkefnisins koma fram í sundurliðun ársreiknings og er haldið aðgreindum frá annarri starfsemi. Félagsmenn sem vinna að verkefninu fá hluta vinnu sinnar greiddan, þ.á m. stjórnarmenn.

Halli varð af rekstri samtakanna kr. 755.591 á árinu samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi í árslok nam kr. 1.030.527.

Stjórn samtakanna er kosin á lögsmætum aðalfundi samtakanna sbr. 7. grein samþykktu Samtaka um söguferðaþjónustu. Stjórn Samtaka um söguferðaþjónustu staðfestir hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík 2017

Í stjórn:

Áritanir höfundar og skoðunarmanna

Til stjórnar og aðila að Samtökum um söguferðapjónustu.

Við höfum samið ársreikning Samtaka um söguferðapjónustu fyrir árið 2016 en hann hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1-4 auk sundurliðana.

Ársreikningurinn er unninn í umboði stjórnar samtakanna, sem ber ábyrgð á efni hans. Hann er byggður á bókhaldi og gögnum samtakanna ásamt öðrum upplýsingum frá stjórnendum þess.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð ársreikninga. Höfum við sannreynt stöðu á bankareikningum, kannað réttmæti viðskiptakrafna og skulda og unnið framsetningu ársreikningsins í heild.

Við höfum leitast við að haga framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju, og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Egilsstöðum 27. mars 2017

SKRIFA - Skrifstofujónusta Austurlands

Sigurjón Bjarnason

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Samtaka um söguferðapjónustu, höfum yfirfarið ársreikning samtakanna fyrir árið 2016. Leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Reykjavík 2017

Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýr.	2016	2015	2014
Rekstrartekjur:				
Framlag ríkissjóðs.....		3.000.000	3.000.000	3.000.000
Framlög félaga vegna kynningar.....		1.605.000	2.880.392	2.700.000
Árgjöld.....		1.132.500	916.000	906.000
Framlag Vinnumálastofnunar.....		654.654	0	0
Auglýsingastyrkir.....		0	200.000	0
Aðrar tekjur.....		72.000	134.686	118.000
		<u>6.464.154</u>	<u>7.131.078</u>	<u>6.724.000</u>
Rekstrargjöld:				
Laun og launatengd gjöld		2.676.805	0	0
Kynningarmál		851.453	3.537.242	1.651.496
Follow The Vikings - nettóframlag vegna umsjónar.....		1.327.664	1.134.026	0
Heimasíða		735.813	2.347.992	110.976
Söguslóðir, málþing		270.253	337.907	300.934
Umsjón með verkefnum		0	300.000	879.300
Styrkir		0	330.000	0
Erlent samstarf, ferðakostnaður og árgjöld		174.652	189.650	480.721
Annar rekstrarkostnaður		531.629	908.611	726.324
Afskrifaðar kröfur		607.075	36.000	429.500
		<u>7.175.344</u>	<u>9.121.428</u>	<u>4.579.251</u>
(Tap) hagnaður fyrir fjármagnsliði:		(711.190)	(1.990.350)	2.144.749
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):				
Vaxtatekjur		9.020	10.638	19.546
Fjármagnstekjuskattur.....	(1.803)	(2.127)	(3.908)
Gengismunur inneigna.....	(43.839)	(47)	(14)
Vaxtagjöld.....	(7.779)	(13.617)	(6.260)
		<u>(44.401)</u>	<u>(5.153)</u>	<u>9.364</u>
(Tap) hagnaður ársins	4	<u>(755.591)</u>	<u>(1.995.503)</u>	<u>2.154.113</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	2016	2015
Veltufjármunir:			
Kröfur á félagsmenn og viðkiptamenn.....	2	1.674.738	1.236.526
Óinnkomnir styrkir.....		671.157	1.470.173
Fyrirframgreiddur kostnaður.....		257.391	0
Handbært fé	3	<u>616.357</u>	<u>194.678</u>
Veltufjármunir		<u>3.219.643</u>	<u>2.901.377</u>
Eignir samtals		<u>3.219.643</u>	<u>2.901.377</u>
 Eigið fé og skuldir			
	Skýr.	2016	2015
Eigið fé:			
Óráðstafað eigið fé		<u>1.030.527</u>	<u>1.786.118</u>
Eigið fé samtals	4	<u>1.030.527</u>	<u>1.786.118</u>
 Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir.....		2.171.055	1.115.259
Aðrar skammtímaskuldir.....		<u>18.061</u>	<u>0</u>
		<u>2.189.116</u>	<u>1.115.259</u>
Skuldir samtals		<u>2.189.116</u>	<u>1.115.259</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>3.219.643</u>	<u>2.901.377</u>

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrarhreyfingar:			
(Tap) hagnaður ársins samkvæmt rekstrarreikningi	4	(755.591)	(1.995.503)
Veltufé (til) frá rekstri		<u>(755.591)</u>	<u>(1.995.503)</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun).....		103.413	(2.257.849)
Skammtímaskuldir, hækkun		<u>1.073.857</u>	<u>668.466</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		<u>1.177.270</u>	<u>(1.589.383)</u>
Handbært fé (til) frá rekstri		<u>421.679</u>	<u>(3.584.886)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....		421.679	(3.584.886)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>194.678</u>	<u>3.779.564</u>
Handbært fé í árslok	3	<u><u>616.357</u></u>	<u><u>194.678</u></u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Hann er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Beitt var kostnaðarverðsaðferð við gerð ársreikningsins.

Viðskiptakröfur

2. Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Niðurfærsla er dregin frá viðkomandi lið í efnahagsreikningi.

Handbært fé

3. Bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis

Eigið fé

4. Yfirlit um eiginfjárreikning:	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2016.....	1.786.118	1.786.118
Tap ársins	(755.591)	(755.591)
Eigið fé 31.12.2016.....	<u>1.030.527</u>	<u>1.030.527</u>

Sundurliðanir

Sundurliðanir

	2016	2015	2014
Laun og launatengd gjöld			
Laun	2.257.798	0	0
Tryggingargjald	172.034	0	0
Lífeyrissjóðsgjöld	180.625	0	0
Sjóðagjöld	66.348	0	0
	<u>2.676.805</u>	<u>0</u>	<u>0</u>

Árgjöld:

Árgjöld félaga, fyrirtækja og stofnana, full aðild.	1.002.000	718.000	730.000
Árgjöld einstaklinga, aukaaðild	130.500	198.000	176.000
	<u>1.132.500</u>	<u>916.000</u>	<u>906.000</u>

Aðrar tekjur:

Ráðstefnu- og fundagjöld	0	46.061	55.000
Sala á fánunum SSF	0	79.000	63.000
Aðrar sölutekjur	0	9.625	0
Hlutdeild félaga í útvarpsauglýsingum	0	0	0
	<u>0</u>	<u>134.686</u>	<u>118.000</u>

Follow The Vikings

Gjöld:

Fargjöld	428.381	956.037	0
Gisting	134.076	150.446	0
Annar ferðakostnaður	9.700	3.800	0
Dagpeningar	99.000	177.010	0
Stjórnunarstörf	1.099.500	968.600	0
Þátttaka í fundum og ráðstefnum - vinna	768.000	997.600	0
Undirbúningsvinna	384.000	214.600	0
Annar kostnaður	68.030	7.980	0
	<u>2.990.687</u>	<u>3.476.073</u>	<u>0</u>

Fengin framlög

Greiðslur frá Evrópu vegna ferðakostnaðar	671.157	517.269	0
Greiðslur frá Evrópu vegna verkefnakostnaðar	55.866	729.178	0
Vinnuframlag þátttakenda	936.000	1.095.600	0
	<u>1.663.023</u>	<u>2.342.047</u>	<u>0</u>

Gjöld umfram fengin framlög - umsjón SSF	<u>1.327.664</u>	<u>1.134.026</u>	<u>0</u>
--	------------------	------------------	----------

Kynningarmál:

Birting auglýsinga	27.309	0	757.137
Dreifingarkostnaður	824.144	602.616	702.055
Hönnun, umbrot og umsjón	0	808.274	87.854
Prentun fána og merkja	0	352.160	56.968
Prentun kynningarefnis	0	1.774.192	39.658
Textavinna og þýðingar	0	0	7.824
	<u>851.453</u>	<u>3.537.242</u>	<u>1.651.496</u>

Sundurliðanir, frh.:

	2016	2015	2014
Heimasíða, www.soguslodir.is			
Hýsing, lén	86.514	148.834	103.509
Uppsetning og umsjón	649.299	2.199.158	7.467
	<u>735.813</u>	<u>2.347.992</u>	<u>110.976</u>
Annar rekstrarkostnaður			
Fundur og námskeið	71.045	316.293	175.720
Bókhald og reikningsskil	201.145	273.498	164.530
Sérfræðiþjónusta	0	182.822	220.000
Pappír, prentun og ritföng	100.000	130.000	3.772
Ferðakostnaður	46.065	0	0
Dagpeningar	0	69.544	0
Þjónustugjöld	38.410	46.492	40.587
Skrifstofubúnaður	0	14.995	0
Gjafir og styrkir	13.070	7.061	10.690
Burðargjöld	0	1.280	0
Hækkun (lækkun) hækkun niðurfærslu viðskiptakrafna	61.894	(133.374)	111.025
	<u>531.629</u>	<u>908.611</u>	<u>726.324</u>